

REGLUGERÐ

um ráðstöfun 4.000 lesta af viðbótaraflaheimildum í makríl.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um úthlutun viðbótaraflaheimilda í makríl samkvæmt ákvæði 10. gr. b. í lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

2. gr.

Heimilt er að aflamarki í makríl hefur verið úthlutað til skipa í A- og B-flokki er Fiskistofu heimilt að úthluta allt að 4.000 lestum af viðbótaraflaheimildum í makríl ár hvert til skipa í B-flokki gegn greiðslu gjalds. Úthluta skal allt að 50 lestum í senn. Ekkert skip getur fengið úthlutað viðbótaraflaheimildum fyrir en skip hefur veitt 75% af úthlutuðu aflamarki í makríl. Þessi takmörkun gildir ekki fyrir skip sem fá úthlutað 30 tonnum af aflamarki í makríl eða minna.

Eftir 15. september skal er heimilt að úthluta til skipa í A-flokki því sem eftir er af viðbótaraflaheimildum í makríl gegn greiðslu gjalds.

3. gr.

Úthlutun viðbótaraflaheimilda í makríl samkvæmt þessari reglugerð, í annað sinn eða síðar, er bundin því skilyrði að skip hafi veitt a.m.k. úthlutað aflamark í makríl og viðbótaraflaheimildir í makríl þannig að eftir standi 30 tonn eða minna samanlagt. 50% Einnig af er áður slík úthlutuðum úthlutun viðbótaraflaheimildum bundin því skilyrði að greitt hafi verið fyrir fyrri úthlutanir.

4. gr.

Óheimilt er framselja aflaheimildir í makríl af skipi í B-flokki sem hefur fengið úthlutað samkvæmt reglugerð þessari á veiðitímabilinu. Heimilt er að flytja allt að 10% af úthlutuðum viðbótaraflaheimildum skips yfir á næsta ár.

5. gr.

Fiskistofa annast úthlutun viðbótaraflaheimilda í makríl gegn greiðslu gjalds á grundvelli umsókna og skal úthluta aflaheimildum viðbótaraflaheimildum vikulega á grundvelli umsókna sem borist hafa undanfarandi viku.

Ef umsóknir um viðbótaraflaheimildir eru umfram þær aflaheimildir sem til ráðstöfunar eru skal Fiskistofa skipta því sem til ráðstöfunar er jafnt á milli umsækjenda, enda hafi umsækjandi ekki sótt um minna magn en því nemur. Verð á viðbótaraflaheimildum í makríl skal nema sömu fjárhæð og veiðigjald fyrir makríl og skal það greitt Fiskistofu fyrir úthlutun. Hafi gjald ekki verið greitt í síðasta lagi á öðrum virkum degi úthlutunarviku fellur réttur útgerðar til úthlutunar á grundvelli umsóknarinnar niður.

Á heimasíðu vefsíðu Fiskistofu skal vikulega birta upplýsingar um úthlutanir Fiskistofu og upplýsa um magn makríls sem til ráðstöfunar er á hverjum tíma.

Skip Skipum í A-flokki er heimilt að sækja um þær viðbótaraflaheimildir í makríl sem Fiskistofa hefur ekki úthlutað til skipa í B-flokki fyrir lok ágúst ár hvert. Umsóknir skipa í A-flokki skulu sækja um sinn hlut af viðbótaraflaheimildum berast til Fiskistofu fyrir á tímabilinu 1. til 10. september ár hvert og skal Fiskistofa úthluta því sem eftir er jafnt á milli umsækjenda 16 eftir 15. september ár hvert.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 10. gr. b. laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða. Reglugerðin öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 606/2019 um ráðstöfun 4.000 lesta af viðbótaraflaheimildum í makríl.

- Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 20. júlí 2020, -

- Kristján Þór Júlíusson. -

~~sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.~~

~~- Arnór Snæbjörnsson -~~

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.